Dreifibréf BSRB

Nr. 2 - 2. árg. **Febrúar 2006**

Lækkun á matarskatti

Virðisaukaskattur af matvörum og veitingaþjónustu lækkar í 7% 1. mars næstkomandi. Í dag er skatturinn í tveimur þrepum, annars vegar 14% og hins vegar 24,5% þannig að um verulega breytingu er að ræða. Þá munu aðrar vörur og þjónusta sem nú eru í 14% skattþrepi einnig lækka í 7% þrep. Virðisaukaskatturinn af vörum og þjónustu almennt verður aftur á móti líkt og áður í tveimur þrepum frá og með 1. mars, 7% og 24,5%. Frá sama tíma verða vörugjöld af öllum matvælum einnig felld niður, að undanskildum sykri og öðrum sætindum.

Matvæli eru í meginatriðum skattlögð með virðisaukaskatti, tollum og vörugjöldum. Með lækkun á virðisaukaskattinum og niðurfellingu vörugjalda er því fyrirsjáanleg talsverð lækkun á matarverði að því gefnu að verslanir og heildsölur hækki ekki álagningu sína. Vörugjöld á matvörur eru í formi magngjalda en það þýðir að föst krónutala er lögð á hvert kíló eða hvern lítra. Gjaldið er lagt á innflutningsverð, þar næst bætist við álagning heildsölu og verslunar og loks bætist virðisaukaskatturinn ofan á.

Með lækkun virðisaukaskatts um 7% lækkar verð vöru ekki um sama hlutfall heldur um 6,14% því við útreikning skattsins er ekki miðað við sama stofn. Þá skiptir ekki máli hver álagning verslunar er þar sem virðisaukaskattur reiknast eftir álagningu eins og fyrr er getið.

Hagstofunni var falið að gera hlutlægt mat á áhrifunum og telur að þessar breytingar muni lækka matarverð sem nemur 8,7%. Annars vegar mun verð á matar- og drykkjarvörum lækka um 7,4% vegna breytinga á virðisaukaskatti og hins vegar um 1,3% vegna afnám vörugjalda. Heildaráhrif til lækkunar á vísitölu neysluverðs yrðu þá 1,2%.

Samandregin áhrif á vöruverð og vísitölu

Byggt á mati Hagstofu Íslands

Vöruflokkur	Áhrif á vöruverð	Vísitöluáhrif
Matur og drykkjarvörur	-8,70	-1,20
Þar af		
- vsk. lækkar í 7% úr 14% og 24%	-7,40	-1,00
- afnám vörugjalda af allri matvöru nema sykri og sætindum	-1,30	-0,20
Hótel og veitingastaðir	-8,60	-0,40
Aðrir vöru- og þjónustuflokkar		-0,30
	Heildaráhrif aðgerða:	**-1,90**

Ellilífeyristryggingar almannakerfisins

Um síðustu áramót kom til framkvæmda fyrri breyting af tveimur á almanna-tryggingalögum og lögum um málefni aldraðra. Lögin byggjast á samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara og sameiginlegum tillögum nefndar sem forsætisráðherra skipaði.

Helstu breytingar sem tóku gildi um síðustu áramót voru eftirfarandi:

- Bótaflokkum fækkaði og tekjutryggingarauki var felldur niður.
- Grunnfjárhæð tekjutryggingar hækkaði.
- Heimilisuppbót hækkaði.
- Skerðingarhlutfall tekjutryggingar lækkaði og fór úr 45% í 39,95%.
- Sérstakt frítekjumark vegna tekna af atvinnu umfram 300.000 kr. á ári var tekið upp og er nú val milli 300.00 kr. frítekjumarks eða 60% af atvinnutekjum við útreikning á viðmiðunartekjum vegna tekjutryggingar.
- Heimilt er að ósk lífeyrisþega að dreifa eigin tekjum sem stafa af fjármagnstekjum og séreignarsparnaði sem leystur hefur verið út í einu lagi á allt að 10 ár.

- Frestun á töku lífeyris til 72 ára aldurs sem getur leitt til 30% hærri bóta eða 0,5% á mánuði.
- Dregið úr tengingum við tekjur og lífeyrissjóðsgreiðslur maka lífeyrisþega.

Bætur ellilífeyrisþega hækkuðu nokkuð í kjölfar breytinganna og skerðingarhlutföll lækkuðu. Einhleypur ellilífeyrisþegi sem býr einn á nú kost á að vinna sér inn um 25.000 kr. á mánuði áður en tekjutrygging eða heimilisuppbót byrja að skerðast en hámarksuppbæð bótagreiðslna án uppbótar á lífeyri er um 126.537 kr. á mánuði. Grunnlífeyrir byrjar að skerðast þegar tekjur hafa náð 171.367 kr. á mánuði og skerðist um 30% fyrir hverja krónu sem fer umfram þau mörk. Tekjutrygging skerðist hins vegar um 39,95% og heimilisuppbót um 11,78% þegar tekjur eru komnar yfir rúmlega 25.000 kr. á mánuði.

Nokkuð mismunandi er eftir bótaflokkum og heimilisaðstæðum hvaða greiðslur hafa áhrif á viðmiðunartekjur sem skerðing er reiknuð út frá. Í grófum dráttum er þó hægt að flokka þær niður eftir tegundum bóta.

Ellilífeyrir

Allar skattskyldar eigin tekjur skerða grunnlífeyrinn að undanskildum eftirfarandi greiðslum:

- Bætur almannatrygginga
- Félagsleg aðstoð
- Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga
- Húsaleigubætur
- Greiðslur úr lífeyrissjóðum
- Greiðslur vegna séreignarlífeyris

Þá skal tekið sérstaklega fram að tekjur maka skerða **ekki** þennan bótaflokk en 50% fjármagnstekna eru hins vegar taldar fram sem tekjur og skerða grunnlífeyri. Ellilífeyrir byrjar að skerðast þegar tekjur eru komnar yfir 171.367 kr. á mánuði.

Tekjutrygging og heimilisuppbót

Allar skattskyldar eigin tekjur skerða tekjutryggingu og heimilisuppbót að undanskildum eftirfarandi greiðslum:

- Bætur almannatrygginga
- Félagsleg aðstoð
- Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga
- Húsaleigubætur

Líkt og með ellilífeyrinn eru 50% fjármagnstekna taldar sem tekjur. Þá skerða greiðslur úr lífeyrissjóðum þessa bótaflokka og hluti af tekjum og lífeyrisgreiðslum maka. Skipting tekna hjá sambúðarfólki og hjónum er á þann veg að tekjur maka vega 35% í útreikningi tekjutryggingar og eigin tekjur 65%. Greiðslur úr lífeyrissjóðum vega hins vegar 20% hjá maka og 80% af greiðslum úr lífeyrissjóðum viðkomandi. Ef grunnlífeyrir er skertur vegna tekna er sú upphæð dregin frá skerðingu tekjutryggingar þannig að skerðing á tekjutryggingu lækkar sem því nemur.
Ein af þeim breytingum sem tók gildi nú um áramót var sérstakt frítekjumark vegna tekjutryggingar sem leiðir til þess að lífeyrisþegi getur nú aflað 300.000 kr. atvinnutekna á ári án þess að tekjutrygging sé skert. Þá hefur ellilíferyisþegi val á milli þess að hafa 300.000 kr. frítekjumark á ári eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar.

Sérregla um tekjutryggingu

Sérregla um tekjutryggingu var sett í kjölfar öryrkjadómsins svonefnda sem tryggir ellilífeyrisþegum ákveðnar bætur vegna tekjutryggingar óháð tekjum maka. Ef eigin tekjur nema lægri fjárhæð en 670.097 kr. á ári eða 55.839 kr. að meðaltali á mánuði hefur ellilífeyrisþegi rétt á tekjutryggingu óháð tekjum maka. Þessi bótaflokkur skerðist hins vegar mun hraðar en hin almenna tekjutrygging eða um 66,67% í stað 39,95% fyrir hverja krónu þegar tekjur eru komnar yfir 25.000 kr. á mánuði.

Dæmi til útskýringar
Með því að smella á neðangreind tengi er hægt að skoða sýnidæmi miðað við mismunandi forsendur:

Dæmi 1: Bætur ellilífeyrisþega sem býr einn
Dæmi 2: Bætur ellilífeyrisþega sem á maka á vinnumarkaði
Dæmi 3: Bætur ellilífeyrisþega sem á maka sem einnig er ellilífeyrisþegi